



878. fundur stjórnar GSÍ, 11. ágúst 2016, kl.17:00 haldinn í fundarsal GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Hansína Þorkeldsdóttir, Gunnar K. Gunnarsson, Eggert Á. Sverrisson, Theódór Kristjánsson, Kristín Guðmundsdóttir, Bergsteinn Hjörleifsson, Rósa Jónsdóttir, Helgi Anton Eiríksson, Brynjar Eldon Geirsson sem ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð samþykkt og undirrituð

2. Íslandsmótið á Akureyri, samantekt

Haukur Örn fór yfir Íslandsmótið og hvernig til tókst og rætt var hvað væri hægt að bæta fyrir komandi ár. Stjórnarmönnum bar saman um að á heildina litið hefði vel hefði tekist til með mótið í ár. Stjórn bíður nú eftir áhorfstöllum frá RÚV vegna þeirra daga sem sýnt var frá mótinu. Stjórn, starfsfólki, og sjálfboðaliðum Golfklúbbs Akreyrar var hrósað fyrir vel skipulagðan viðburð.

3. Breytingar á félagagjöldum

Eggert Ágúst Sverrisson gerði grein fyrir vinnu sinni við "Hugleiðingar um fjármögnun GSÍ og ráðstöfun fjár." Fundurinn ræddi þá vinnu og þau drög sem Eggert kynnti fyrir fundarmönnum ásamt því að samþykkja tillögu forseta um að 3-4 manna starfshópur yrði myndaður sem tæki þessa vinnu áfram. Meginmarkmið starfshópsins er að finna leiðir til þess að styðja við smærri klúbba við að ná góðri fótfestu í hreyfingunni.

4. Fjöldi skráðra félagsmanna innan GSÍ

Brynjar fór yfir nýjar tölur um skráða félagsmenn en 16.823 er nú skráðir iðkendur í golfklúbbum landsins og hefur hreyfingin aldrei státað af öðrum eins fjölda. Farið var yfir hvernig fjölgun er eftir landshlutum en í heildina hefur fjölgað um 2% frá fyrra ári. Fundarmenn voru virkilega ánægðir með þessar tölur en fundarmönnum bar saman um að lítilsháttar fækkun í hópi þeirra yngstu væri áhyggjuefni sem þyrfti að bregðast við. Lagt var til að Fræðslunefnd GSÍ og PGA á Íslandi myndu taka samtal um hvernig væri hægt að auka áhuga yngra fólks á golfþróttinni.

5. Verðlaunaafhendingar í GSÍ mótum

Mikið er um að vera í mótahaldi þessar vikurnar og bað Haukur Örn stjórnarmenn um að koma að öllum verðlaunaafhendingum í mótum á vegum GSÍ eins og tíðkast hefur. Þátttaka stjórnar við verðlaunaafhendingar á þessu ári hefur verið til fyrirmyndar.

6. Flokkun golfvalla

Theódór Kristjánsson kynnti vinnu sína og drög að skýrslu um hvernig stigskipting golfvalla á Íslandi gæti litið út með tilliti til annarra sérsambanda eins og KSÍ. Theódór vill skipa starfshóp sem hittast mun í haust á fundi (vinnudegi) fyrir Formannafund og skila hugmyndum þar inn til umræðna.



7. Munnlegar skýrslur nefnda

a. afreksnefnd

Helgi Anton Eiríksson formaður afreksnefndar GSÍ kynnti fyrir fundarmönnum árangur ársins fram til þessa ásamt því að greina frá því að vinna væri hafin við aðlögun Afreksstefnu GSÍ fyrir komandi ár.

Þá tilkynnti Helgi fundinum að Úlfar Jónsson landsliðsþjálfari áformaði að láta af störfum í lok þessa árs en ástæðan er sú að hann vill einbeita sér að vinnu sinni hjá Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar. Afreksnefnd hefur nú þegar fundað vegna málsins og mun hefja vinnu með haustinu við að skipuleggja ráðningu nýs landsliðsþjálfara.

b. IT nefnd

Bergsteinn Hjörleifsson sagði frá vinnu tölvunefndar og sagði einnig frá því að stefnan væri að setja smáforrit (app) í loftið næsta vor og er það nú þegar klárt og byrjað í reynslukeyrslu hjá IDEGA.

Theódór benti tölvunefnd á að mögulega væru möguleikar að gefa kylfingum meiri tækifæri á að vinna með tölfræði úr gagnagrunni www.golf.is í framtíðinni.

8. Önnur mál

- Stóra stjórnarmótið verður haldið hjá GO þann 31. ágúst, þar sem öllum fyrrum stjórnarmönnum GSÍ er boðin þátttaka. Brynjari var falið að senda út tölvupóst til fyrrverandi og núverandi stjórnarmanna sem inniheldur boð í mótið.
- Dagsetning Formannafundar 2016 var ákveðin 12. nóvember og Brynjari var falið að finna fundinum stað.
- Næsti fundur boðaður 08.09.2016 kl. 17:00 í fundarsal GSÍ

Ekki var fleira tekið fyrir á fundinum og honum fundi slitið kl.19:45